

Ráðherra, góðir ársfundargestir

Dagurinn í dag er í raun mjög stór dagur hjá Lýðheilsustöð. Við erum að halda okkar fyrsta ársfund og að því tilefni að gefa út okkar fyrstu ársskýrslu sem ég vona að allir hafi nú fengið í hendur. Tilefnið notum við vel því við ætlum einnig að kynna úthlutanir úr Forvarnarsjóði fyrir árið 2005. Í ársskýrslunni er mikið af upplýsingum því þar hefur verið tekið saman það helsta í starfssemi Lýðheilsustöðvar árið 2004.

Í kápuopnu má sjá yfirlit yfir afrakstur stefnumótunarvinnu sem við höfum verið að vinna að síðasta hálfu árið. Eins og þar er sýnt með einföldum hætti höfum við nýtt okkur hugmyndafræði samhæfðs árangursmats (sem er íslenska þýðingin á Balance scorecard) og liggja nú fyrir ýmsir mælikvarðar í þeim fjórum víddum sem samhæft árangursmat tekur til en víddirnar fjórar eru: fjármál, starfsmenn og þekking, innri ferlar og loks þjódarhagur en það er sú vídd sem einkamarkaður kallar yfirleitt viðskiptavini (mynd). Við kjósum að kalla þessa efstu vídd þjódarhag í stað viðskiptavinir og framsetjum markmiðin í formi mynda úr þjóðlífinu. Þær eru settar upp í okkar táknræna hring, en einkennismerki Lýðheilsustöðvar sýnir mann snúa sér í hring og á það að tákna frelsi hvers og eins til að ná valdi á umhverfi sínu og öllu því sem hefur áhrif á heilsu hans. Mælikvarðarnir sem við höfum sett fram í öllum víddum eru bæði til að mæla árangur á okkar starfi inn á við jafnt sem útávið. Við uppsetningu samhæfða árangurskerfisins var gætt sérstaklega að því að hafa kerfið einfalt en þó það skýrt og hnitmiðað að það þjóni sínum tilgangi, sem er að vera gott stjórnæki fyrir okkur og aðra sem starfa að lýðheilsumálum.

Í kápuopnu má einnig finna framtíðarsýn Lýðheilsustöðvar í átta liðum. Auk þess er þegar búið að fara ýtarlega í gegnum markmið allra málaflokka stöðvarinnar og setja mælikvarða til að gera okkur kleyft að fylgjast með árangrinum. Leiðarvísar að því hvernig við ætlum að ná markmiðunum eru mislangt á veg komnir. Sumir eru tilbúnir með góðri verkefnalýsingu á meðan í öðrum málaflokkum á eftir að fara í gegnum all nokkra vinnu. Stefnumótunarvinnunni er því ekki alveg lokið enn. Raunar lýkur slíkri

vinnu aldrei en á þessu stigi erum við ekki alveg komin fyrsta hring, ef svo má að orði komast. Auk leiðarvísanna er nú unnið að gerð rannsóknaráætlunar sem mun ná all mörg ár fram í tímann. Verið er að draga upp mynd af því hvaða rannsóknir sé verið að vinna, og hverjar hafa verið gerðar á hinum ýmsu sviðum er varða lýðheilsu. Í framhaldinu er ætlunin að samþætta rannsóknarstarf á vegum Lýðheilsustöðvar og samstarfsaðila hennar. Mikið rannsóknarstarf hefur verið unnið á þessu sviði og það þarf að tryggja að gott starf geti haldið áfram en einnig að rannsóknarvinnan nái yfir fleiri svið og taki til fleiri málaflokka er varða lýðheilsu.

Mikilvægur þáttur í þessari stefnumótunarvinnu er skilgreining á mælikvörðum á heilsu sem við höfum kosið að kalla “**heilsuvísa**” en þeir standa fyrir enska heitið “health indicators”. Heilsuvísar ná yfir vítt svið, þar með talið félagslega áhrifaþætti heilbrigðis, lífshætti, heilbrigðisþjónustu, umhverfis-, atvinnu- og menntamál, að ógleymdum tölum um heilsufar, líðan og lífslíkur.

Heilsuvísarnir ná þannig yfir mun breiðara svið en þá málaflokka sem þegar eru hjá Lýðheilsustöð, því það er ekki nóg að horfa eingöngu til þeirra málaflokka í svo viðamiklu viðfangsefni sem lýðheilsa er. Það verður því nauðsynlegt að vera í samvinnu við marga aðila í skilgreiningaferlinu, svo breið samstaða náist um heppilega heilsuvísa. En samvinna er eitt af lykilatriðum í framtíðarsýn Lýðheilsustöðvar sem við höfum sett fram með orðunum “myndun tengslanets talsmanna lýðheilsu”.

Eitt af grundvallaratriðum árangurs er hámarksnýting fjármuna, en það er einn af þáttunum sem við munum fylgjast með og mæla í okkar árangursmati. Fjármagn er, eins og aðrar auðlindir, takmarkað og þurfum við að sjá til þess að nýting þess sé eins og best verður á kosið með bættu lýðheilsu að leiðarljósi.

Þegar Lýðheilsustöð varð til, fluttust fjárveitingar einstakra ráða og verkefna til stöðvarinnar. Meira en helmingur fjárveitinga Lýðheilsustöðvar eru eyrnamerkt fé. Samkvæmt lögum og reglugerðum eru rúm 33% fjár eyrnamerkt áfengis- og vímuvörnum og rúm 20% tóbaksvörnum. Í ár er svo um 5% eyrnamerkt Geðrækt, samtals rúm 58%

fjárins. Allir aðrir málaflokkar deila með sér því sem eftir er af fjárveitingunum. Við þessar aðstæður er okkur gert erfiðara fyrir með að ná fram hámarksnýtingu fjár, og því er það að mínu mati mikilvæg forsenda árangursríks starfs hjá Lýðheilsustöð að breyta lagaumhverfinu í þá veru að fjárveitingar séu ekki merktar einstökum málaflokkum heldur séu þær ætlaðar til forvarna- og heilsueflingarverkefna sem forgangsraðað er í samræmi við heilbrigðisáætlun hverju sinni. Það myndi auðvelda okkur samþættingu rannsóknastarfs, eins og áður var lýst, í stað þess að hver málaflokkur fyrir sig sé að leggja fé í afmarkaðar rannsóknir, sem oft á tíðum skarast við aðra málaflokka því gjarnan er verið að spyrja svipaðra og jafnvel sömu spurninga í þessum rannsóknunum.

Það er okkar mat að nauðsynlegt sé að hætta að hugsa í boxum þegar kemur að forvörnum og heilsueflingu þ.e. tóbaksvarnir sér, áfengis og vímuvarnir sér, hreyfing sér og næring sér svo eitthvað sé nefnt. Forvarnir og heilsuefling er risastórt viðfangsefni sem lætur fátt ósnortið og innbirðis tengsl milli málaflokka, eins og við skilgreinum þá núna, eru mjög mikil og víðtæk. Það er sjaldnast að einstaklingur hefji neyslu á fíknefnum upp úr þurru. Áður hefur hann í flestum tilfellum byrjað á því að reykja, hefur e.t.v. átt við andlega vanlíðan að stríða, síðar hefur hann prófað áfengi og allt þetta leiðir því miður stundum til neyslu ólöglegra vímuefna með þeim hrikalegu afleiðingu sem því fylgir s.s. auknar líkur á þunglyndi og þar með á sjálfsvígum, auknar líkur á ofbeldi o.s.frv... . Heilsu og líðan má líkja við keðju samsettri úr mörgum hlekkjum þar sem hver hlekkur tengist og hefur áhrif á annan.

Við vonumst því til að í nánustu framtíð verði fé ekki eyrnamerkt með þeim hætti sem gert er nú, í svona boxum eins og ég kalla þetta, heldur verði heildar fjárveiting til að sinna því forvarna- og heilsuefningarstarfi sem þörfin og heilbrigðisáætlun segir til um hverju sinni.

Við slíkar breytingar þarf að sjálfsögðu að huga áfram að fjármagni til úthlutunar til starfsemi grasrótarinnar. Núna höfum við Forvarnasjóð, sem ætlað er að nýta til afmarkaðra verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Slíkur sjóður á að vera til áfram en það þarf að útvíkka hann og gera hann að forvarna- og heilsueflingarsjóði á sviði

lýðheilsu. Mörg frjáls félagasamtök eru að sinna miklu og góðu sjálfstyrkingastarfi fyrir fólk, starfi sem miðar að því að efla einstaklinginn og styrkja og þannig að minnka líkur á að hann þurfi að glíma við ofþyngd, þunglyndi, dregur úr líkum á tóbaksnotkun, áfengisneyslu og neyslu ólöglegra fíknafna. Þessi félög og samtök eru í raun að vinna forvarnastarf á sviði lýðheilsu í víðum skilningi sem þarf að hlúa að.

Starf grasrótarsamtaka er því mjög mikilvægt. Við stofnun Lýðheilsustöðvar heyrðist sú skoðun að slík stöð myndi drepa frumkvæði og áhuga slíkra samtaka. Við á Lýðheilsustöð höfum verið mjög meðvituð um þetta og því lagt okkur fram um að eiga gott samstarf við grasrótina. Við höfum leitað eftir stuðningi og samstarfi við fólkið í landinu, ekki tekið frá því frumkvæði eða áhuga. Við höfum þó þurft að samræma nálgun hinna ýmsu málafokka, þannig að tengsl við grasrót séu ekki mismunandi eftir málafokkum heldur fylgi ákveðnum leikreglum sem Lýðheilsustöð vinnur eftir. Við viljum sjá virkt grasrótastarf enda felst í því mikill og sterkur félagsauður sem samfélagið þarf á að halda. Þeir sem þarna starfa geta stundum séð, fyrr en stjórnvöld, hvernig mál eru að þróast og geta haft áhrif með frumkvæði sínu og krafti. Með öflugri grasrót margfaldast áhrif af forvarna- og heilsuefningarstarfi í þágu bættrar lýðheilsu og þannig myndum við sterka og breiða liðsheild þar sem hver fylking getur þó haft sína aðferð. Þannig drögum við einnig úr líkum á því að einhverjir hópar verði útundan í samfélaginu.

Í framtíðarsýn Lýðheilsustöðvar er einn þátturinn að árið 2008 hafi verið lagður grunnur að því sem við köllum **heilbrigðismat**. Það sem við eigum við er íslensk þýðing á “health impact assessment” sem er í raun tiltölulega ný aðferðarfræði til að meta áhrif stjórnvaldsáðgerða á heilsu og líðan þjóðar. Hér er á ferðinni mat sem helst mætti líkja við umhverfismat þar sem metið er hver séu líkleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á náttúru og umhverfi. Við teljum einnig brýnt að mat sé lagt á áhrif ýmissa stjórnvaldsáðgerða á heilsu og líðan fólks.

Heilbrigðismat í skilningnum “health impact assessment” á vaxandi fylgi að fagna í heiminum og styður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn að það sé

notað. Víða hafa verið gerðar tilraunir með að þróa aðferðafræði við slíkt mat en í raun er hún enn í þróun og verið er að prófa sig áfram með raundæmum. Í stuttu máli er heilbrigðismat aðferð sem fær samfélagið til að hugsa um hvaða áhrif tiltekin framkvæmd getur haft á lýðheilsu. Þetta er því mjög gott stjórnþæki fyrir stjórnvöld til að nota við ákvörðun á stórum og smáum aðgerðum, einnig til að hjálpa til við forgangsröðun verkefna með það að markmiði að jákvæð áhrif verði sem mest og dregið sé úr þeim neikvæðu. Heilbrigðismat getur staðið eitt og sér en það er einnig hægt að hugsa sér það sem hluta af stærra matskerfi því lýðheilsa snýr ekki bara að því að vera án sjúkdóma heldur því að efla líkamlega, andlega og félagslega vellíðan þjóðar.

Að lokum langar mig að fara örfáum orðum um reksturinn en í ársskýrslunni eru endurskoðaðir rekstrar- og efnahagsreikningar Lýðheilsustöðvar. Í árslok 2004 er Lýðheilsustöð með tekjuafgang upp á 37 milljónir króna en um helming þess fjár má rekja til Geðræktarverkefnisins sem kom það seint til Lýðheilsustöðvar á síðasta ári að ekki náðist að starfa að verkefninu í samræmi við þá fjármuni. Þetta fé er að sjálfsögðu nýtt í verkefnið Geðrækt í ár en hér á eftir verður það kynnt nánar. Í byrjun árs 2004 var höfuðstóll Lýðheilsustöðvar neikvæður um 6 milljónir króna. Tekjuafgangur ársins 2003 fór allur í að greiða upp uppsafnaðan tekjuhalla fyrrum ráða og verkefna en hallinn var upp á rúmar 50 milljónir króna í upphafi. Nú höfum við rétt af þann neikvæða höfuðstól og skuldarstaða Lýðheilsustöðvar við ríkissjóð er því engin. Við erum því komin vel af stað og getum nú betur unnið okkar áætlanir og verkefni.

Góðir fundarmenn lesa má nánar um starf Lýðheilsustöðvar í ársskýrslunni og þar er einnig sagt frá starfsmönnum. Í dag starfa 20 manns hjá Lýðheilsustöð auk þess sem þrír verkefnastjórar eru í afmörkuðum verkefnum sem rekin eru innan Lýðheilsustöðvar. Á síðustu blaðsíðunni eru birt gildi okkar starfsmannanna en þau eru : þekking, virðing, samvinna og árangur. Um þessi gildi er mikil samstaða meðal starfsmanna Lýðheilsustöðvar.

Aðstaða okkar frá því í nóvember er að Laugavegi 116, í fyrrum húsakynnum heilbrigðisráðuneytisins en húsnæðið er þegar sprungið utan af okkur. Við erum því farin

að tala um flutning enda gerum við ráð fyrir að fleiri málaflokkar bætist við í nánustu framtíð. Starfsmenn Lýðheilsustöðvar hafa unnið frábært starf og langar mig til að þakka þeim sérstaklega fyrir gott samstarf, þolinmæði og þrautseigju. Ég veit að álag var mjög mikið á tímabili þegar gerðar voru miklar kröfur í stefnumótunarstarfi og markmiðasetningum ofan á alla þá vinnu sem fyrir var. Þá langar mig að þakka starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins, og ráðherra þá sérstaklega, fyrir þeirra velvilja í okkar garð og stuðning á okkar fyrsta heila starfsári. Framundan eru spennandi tímar, ögrandi verkefni og gott og áhugasamt fólk alls staðar í kringum okkur sem vill starfa að öflugu lýðheilsustarfi.

Góðir fundamenn, takk fyrir að vera með okkur þessa stund og ég vona að þið verðið einhvers vísari um starfssemi Lýðheilsustöðvar eftir þennan fyrsta árfund okkar.

Lifið heil